

Október 2023

Alþjóðlegar siða- reglur samstarfsaðila

www.pwc.com/thirdpartycodeofconduct



pwc

Efnisyfirlit

3

Inngangur

Skilgreiningar	4
Að segja frá	5
Fylgni við þessar siðareglur, lög og reglur	5
Áreiðanleikakönnun og eftirlit	5

11

Byggjum upp traust í samfélaginu

Umhverfisvernd	11
----------------	----

6

Byggjum upp traust á okkar viðskiptaháttum

Óhæði	6
Hagsmunaárekstrar og viðkvæmar aðstæður	6
Sanngjörn samkeppni	7
Að berjast gegn spillingu og mútum	7
Efnahagsglæpir og peningabætti	8
Innherjaviðskipti	8
Viðskiptaþvinganir og útflutningseftirlit	8

12

Byggjum upp traust á því hvernig við notum upplýsingar

Trúnaður og gagnavernd	12
Hugverkaréttindi	12
Öryggi í upplýsingatækni	12
Samfélagsmiðlar	13

9

Byggjum upp traust hvort við annað

Ráðningar og starfsmannamál	9
Laun og vinnustundir	9
Samskipti samstarfsaðila við starfsfólk okkar	9
Vinnuþrælkun barna	10
Mansal og nútíma þrælahald	10
Heilsa og öryggi	10
Félagafrelsi	10

13

Viðurkenning á þessum siðareglum

Inngangur

PwC er þekkt sem leiðandi ráðgjafafyrirtæki á heimsvísu hvað varðar faglega þjónustu og vinnur með mörgum af þekktustu fyrirtækjum heims. Tilgangur PwC er að byggja upp traust í samfélaginu og leysa mikilvæg viðfangsefni.

PwC starfar innan ramma siðferðilegra og faglegra staðla, laga, reglugerða, eigin stefnu og eftirfarandi grunnilda:



Vinum af heillindum

- Tölum fyrir því rétta, sérstaklega þegar það reynist erfitt.
- Höfum væntingar um og skilum af okkur verki í hæsta gæðaflokki.
- Tökum ákvarðanir og hegðum okkur eins og okkar eigin orðspor væri í húfi.



Skiptum máli

- Verum vel upplýst og spyrjum spurninga um framtíð heimsins sem við búum í.
- Höfum áhrif á samstarfsfólk, viðskiptavinum og samfélagið með athöfnum okkar.
- Bregðumst snarpt við síbreytilegu starfsumhverfi okkar.



Sýnum umhyggju

- Leggjum okkur fram um að skilja hvern einstakling og hvað skiptir hann máli.
- Beinum sjónum að virði og framlagi hvers og eins einstaklings.
- Styðjum vöxt og þroska annarra og högum störfum okkar þannig að það laði fram það besta í þeim.



Vinum saman

- Vinnum saman og deilum tengslum, hugmyndum og þekkingu út fyrir hefðbundin mörk.
- Leitum eftir og samþættum fjölbætt sjónarhorn, fólk og hugmyndir.
- Þjóðum og leitum eftir endurgjöf til að bæta okkur sjálf og aðra.



Útvíkkum það mögulega

- Þorum að ögra óbreyttu ástandi og prófa nýja hluti.
- Ástundum nýsköpun og prófanir og lærum af því sem má betur fara.
- Verum opin fyrir möguleikum í hverri hugmynd.

PwC hefur undirritað Global Compact Sameinuðu þjóðanna (UNGC) og hefur skuldbundið sig til að fylgja 10 meginreglum UNGC. Meginreglurnar endurspeglast í þessum siðareglum.

Siðareglur samstarfsaðila (Siðareglur) PwC útskýra lágmarksviðmið um heilindi og viðskiptahegðun sem PwC ætlast til af samstarfsaðilum. PwC gerir kröfu um að samstarfsaðilar krefjist sömu heilinda og viðskiptahegðunar frá starfsfólki sínu og öllum utan sinnar starfsemi sem veita þjónustu fyrir eða með PwC.

PwC veit að engar siðareglur geta tekið á öllum aðstæðum sem samstarfsaðilar gætu lent í. Í ljósi þess koma siðareglurnar aldrei í stað eigin ábyrgðar og ábyrgðar samstarfsaðila til að viðhafa góða dómgreind og leita leiðbeininga um rétta viðskiptahætti. Samstarfsaðilar eru hvattir til að leita frekari leiðsagnar og stuðnings hjá tengiliðum PwC.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) veitir leiðbeiningar, þar á meðal OECD leiðbeiningar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki (OECD leiðbeiningar, e. „OECD Guidelines for Multinational Enterprises“) sem eru almennar meginreglur og staðlar um ábyrga viðskiptahegðun á heimsvísu. Leiðbeiningar OECD skapa mikilvægan ramma við gerð og setningu á viðeigandi kröfum og stöðlum. Þó að PwC netið samanstandi af aðskildum lögaðilum sem mynda ekki eitt fjölþjóðlegt fyrirtæki þá taka reglur og staðlar PwC mið af og uppfylla viðmiðin og markmiðin sem sett eru fram í OECD leiðbeiningunum.

Skilgreiningar

Samstarfsaðilar

Einingar/fyrirtæki (þar á meðal starfsfólk þeirra*) eða einstaklingar sem starfa sem undirverktakar fyrir eða með PwC eða sem selja PwC vörur eða þjónustu.

*Starfsfólk: Starfsmenn eða undirverktakar samstarfsaðila.

Að segja frá

Staðallinn okkar

PwC hefur skuldbundið sig til að taka á hugsanlegum brotum og vernda eigendur og starfsfólk gegn hefndaraðgerðum fyrir að tilkynna áhyggjur í góðri trú.

Hvernig snýr þetta að samstarfsaðilum

PwC væntir þess að samstarfsaðilar upplýsi, í góðri trú, um áhyggjur sem upp kunna að koma í tengslum við viðskipti PwC (þar á meðal sala á vörum eða þjónustu til PwC) og hugsanleg brot á þessum siðareglum, lögum, reglugerðum eða siðferðilegum eða faglegum stöðlum.

PwC væntir þess að samstarfsaðilar upplýsi um áhyggjur sem tengjast siðareglunum með einhverjum af eftirfarandi leiðum, svo lengi sem það stangist ekki á við lög eða reglugerðir:

- til ábyrgðaraðila PwC vegna þjónustu eða þjónustu þriðja aðila fyrir eða með PwC;
- til viðeigandi tengiliða hjá PwC;
- með því að hafa samband við PwC's Global Ethics and Compliance hjálparlínu á pwc.com/ethics.

Áhyggjur má tilkynna nafnlaust.

PwC ætlast til þess að samstarfsaðilar upplýsi starfsfólk sitt um að þeim muni ekki verða refsað fyrir að upplýsa um áhyggjur í góðri trú.

PwC mun fara yfir/rannsaka tilkynntar áhyggjur og aðstoða samstarfsaðila við málsmeðferð og rannsókn, eftir því sem við á.

Fylgni við þessar siðareglur, lög og reglur

Samstarfsaðilar skulu fara eftir gildandi landslögum, alþjóðlegum lögum og reglugerðum og ætlast er til að þeir fari eftir þessum siðareglunum. Þar sem gildandi lög eða reglugerðir eru þrengri en siðareglurnar skulu þau lög og reglugerðir gilda.

PwC ætlast til þess að samstarfsaðilar innleiði stefnur, verklagsreglur og þjálfun, eins og samstarfsaðili telur nauðsynlegar, til þess að falla að þessum reglum.

Áreiðanleikakönnun og eftirlit

Staðallinn okkar

PwC hefur skuldbundið sig til að fylgjast með því að farið sé eftir innri stöðlum og eigin stefnum. Fylgni við staðla okkar og stefnur er mikilvægur þáttur í velgengni PwC.

Svona snýr þetta að samstarfsaðilum.

PwC ætlast til þess að samstarfsaðilar hafi ferla og eftirlit til að fara eftir siðareglunum.

Þar sem við á, framkvæmir PwC áhættumiðaða áreiðanleikakönnun á samstarfsaðilum sem hluta af mati á tengslum sínum við samstarfsaðila. PwC ætlast til þess að samstarfsaðilar veiti fullkomnar og nákvæmar upplýsingar til að auðvelda áreiðanleikakönnun PwC, sé þess óskað.

Ef PwC kemst að þeirri niðurstöðu að þriðji aðili hafi brotið gegn þessum reglum getur PwC krafist þess að samstarfsaðili innleiði úrbótaáætlun, eða, við ákveðnar aðstæður, stöðvað eða slitið sambandi við samstarfsaðilann.



Byggjum upp traust á okkar viðskiptaháttum

Óhæði

Staðallinn okkar

PwC starfar í eftirlitsskyldri starfsgrein og ætlast er til að félagið fari eftir gildandi lögum, staðbundnum og alþjóðlegum stöðlum og skyldum um að viðhalda óhæði með tilliti til viðskiptavina í endurskoðun. PwC forðast með fyrirbyggjandi hætti og bregst við aðstæðum sem skapa eða gætu talist ógna óhæði PwC. Það er mikilvægt að fylgja grundvallarreglum um heilindi og hlutlægni þegar veitt er fagleg þjónusta og að vera óháður styður við meginreglur PwC um endurskoðunarþjónustu til viðskiptavina.

PwC skilgreinir óhæði sem frelsi frá hagsmunum og samböndum sem skerða, eða kunna að virðast skerða, hlutlægni PwC við að veita endurskoðunarþjónustu.

Svona snýr þetta að samstarfsaðilum

Það kunna að koma upp aðstæður þar sem samstarfsaðilar þurfa að fylgja óhæðis reglum sem gilda fyrir PwC. Þetta ræðst af eðli sambands þeirra við PwC, þar með talið samstarfsaðila sem aðstoða PwC við veitingu faglegrar þjónustu og samstarfsaðila PwC almennt. PwC skal upplýsa slíka samstarfsaðila um skyldur sínar.

Þegar PwC óskar eftir því skulu samstarfsaðilar fylgja eftir og kynna starfsfólki sínu þær óhæðiskröfur sem gerðar eru til þeirra.

Hagsmunaárekstrar og viðkvæmar aðstæður

Staðallinn okkar

PwC skuldbindur sig til að greina og taka á raunverulegum og hugsanlegum hagsmunaárekstrum og viðkvæmum aðstæðum sem geta komið upp í rekstri fyrirtækisins áður en samþykkt er að veita eða halda áfram þjónustu.

PwC skilgreinir hagsmunaárekstra sem allar aðstæður sem gætu dregið í efa getu PwC til að starfa af hlutlægni við veitingu þjónustu eða í tengslum við viðskipti PwC. PwC skilgreinir viðkvæmar aðstæður sem allar þær aðstæður sem gætu skapað alvarlegt viðskipta-, orðspors- eða viðskiptasambands vandamál fyrir félagið.

Svona snýr þetta að samstarfsaðilum

Ef samstarfsaðili verður var við raunverulegan eða hugsanlegan hagsmunaárekstur eða viðkvæmar aðstæður sem geta haft áhrif á störf hans fyrir eða með PwC eða á annan hátt skal hann tilkynna PwC um það tímanlega.

Með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni gæti samstarfsaðili þurft að gera viðeigandi ráðstafanir til að stýra hagsmunaárekstrum eða viðkvæmum aðstæðum.

Sanngjörn samkeppni

Staðallinn okkar

PwC leggur metnað í sanngjarna samkeppni og líður ekki samkeppnishamlandi starfsemi af neinu tagi.

Svona snýr þetta að samstarfsaðilum

Samstarfsaðilar skulu forðast hvers kyns óréttmæta samkeppni samkvæmt gildandi lögum og reglum á sviði samkeppnismála, hvort sem þeir starfa sjálfstætt eða með öðrum fyrirtækjum eða einstaklingum.

Samstarfsaðilar skulu ekki gera samninga, formlega eða óformlega, sem takmarkar samkeppni með ólögmætum hætti; líkt og semja um verð, bætur eða fríðindi; eða úthluta viðskiptavinum, mörkuðum, fólki eða þjónustu beint eða óbeint fyrir eða vegna PwC.

Að berjast gegn spillingu og mútum

Staðallinn okkar

PwC líður ekki spillingu eða mútur í hvað mynd sem er. Að biðja um, þiggja, bjóða, lofa, greiða mútur eða bjóða aðrar óviðeigandi greiðslur, þar á meðal fyrirgreiðslur, er stranglega bannað, hvort sem það er beint eða í gegnum þriðja aðila.

PwC skilgreinir spillingu sem óviðeigandi greiðslur eða aðra hvatningu, ólögmæta/glæpsamlega hegðun, misnotkun á valdi í eiginhagsmunaskyni eða að veita óviðeigandi forréttindi. PwC skilgreinir mútur sem að bjóða, lofa, gefa, þiggja eða biðja um peninga, gjöf eða eitthvað sem er verðmætt (þar með talið aðgerðir sem hafa ekki beint peningalegt gildi, t.d. tilboð um starfsnám eða þjálfun) sem hvatningu eða umbun fyrir að gera eitthvað sem er ólöglegt, siðlaust, óviðeigandi, brýtur trúnað eða ætlað er að hafa spillandi áhrif á dómgreind eða ákvarðanatöku viðtakandans. PwC skilgreinir fyrirgreiðslu sem greiðslu af hvaða verðmæti sem er, jafnvel þótt lítil sé, veitt, í peningum eða fríðindum, til starfandi eða fyrrverandi embættismanna ríkisins til að sinna venjubundnum störfum sem þeim er annars skylt að sinna (t.d. til að flýta fyrir því að fá leyfi, vegabréfsáritanir, póst eða aðgang að innviðum).

Svona snýr þetta að samstarfsaðilum

Samstarfsaðilar skulu ekki taka þátt í spillingu, mútum eða hverskyns starfsemi (þar á meðal óviðeigandi greiðslum) sem getur falið í sér þátttöku í spillingu eða mútum þegar þeir vinna fyrir eða með PwC. Þetta á einnig við um fyrirgreiðslur eða að veita eða þiggja ívilnandi meðferð sem getur flokkast sem mútur til eða fyrir hönd PwC. Samstarfsaðilar skulu ekki þiggja eða veita neina greiða eða gjafir til eða frá núverandi eða fyrrverandi embættismönnum eða viðskiptaaðilum fyrir eða fyrir hönd PwC án þess að fá fyrirfram samþykki frá PwC.

Efnahagsglæpir og peningabætti

Staðallinn okkar

PwC líður ekki efnahagsglæpi, þar með talið peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

PwC skilgreinir efnahagsbrot sem ólöglegt athæfi sem framkvæmt er í fjárhagslegum eða efnahagslegum ávinningi. PwC skilgreinir peningabætti sem ferli þar sem ágóði af ólöglegri starfsemi er dulbúinn svo hann virðist vera frá lögmætum viðskiptum. Þetta felur í sér að leyna, eignast, nota eða eiga slíkan ágóða eða auðvelda öflun, notkun, varðveislu eða stjórn á slíkum ágóða.

Svona snýr þetta að samstarfsaðilum

Samstarfsaðilar skulu hvorki veita þjónustu, né koma á fyrirkomulagi sem auðveldar eða getur leitt til þess að PwC taki beinan eða óbeinan þátt í efnahagsbrotum, þar með talið peningabættisstarfsemi. Samstarfsaðilar skulu ekki beina fjármunum til eða styðja við ólöglega starfsemi (t.d. hryðjuverk, skattsvik, fjársvik).

Innherjaviðskipti

Staðallinn okkar

PwC líður ekki viðskipti sem byggir á hagnýtingu innherjaupplýsinga.

PwC skilgreinir innherjaupplýsingar sem upplýsingar um einingar/fyrirtæki sem ekki hafa verið gerðar opinberar (t.d. fjárhagsspár, samruna- og yfirtökutillögur og breytingar á lykilstarfsmönnum). Innherjaupplýsingar geta komið hvaðan sem er, ekki bara frá PwC.

Svona snýr þetta að samstarfsaðilum

Samstarfsaðilar skulu ekki stunda innherjaviðskipti eða óviðeigandi öflun eða birtingu innherjaupplýsinga, óháð því hvort upplýsinganna hafi verið aflað í starfi fyrir eða hjá PwC.

Samstarfsaðili sem býr yfir innherjaupplýsingum um fyrirtæki skal hvorki kaupa né selja verðbréf þess félags.

Viðskiptaþvinganir og útflutningseftirlit

Staðallinn okkar

PwC stundar hvorki starfsemi né aðstoðar aðra aðila við að brjóta gegn gildandi lögum eða reglum um viðskiptaþvinganir eða útflutningseftirlit.

Svona snýr þetta að samstarfsaðilum.

Samstarfsaðilar skulu hlíta viðeigandi efnahagslegum refsiaðgerðum/viðskiptaþvingunum og lögum og reglum um útflutningaæftirlit og forðast að gera neitt sem myndi gera þá eða PwC brotlega gagnvart gildandi lögum og reglum.



Byggjum upp traust hvort við annað

PwC ætlast til þess að samstarfsaðilar komi upp vinnuaðstæðum sem uppfylla alþjóðlega yfirlýst mannréttindi og staðla, þar með talið þau sem koma fram í alþjóðlega mannréttindasáttmálanum og meginreglum um grundvallarréttindi sem settar eru fram í yfirlýsingu Alþjóðavinnuáráðs (ILO) um grundvallarreglur og réttindi á vinnustað.

Ráðningar- og starfsmannamál

Staðallinn okkar

PwC leggur metnað sinn í að veita öllum jöfn atvinnutækifæri.

Svona snýr þetta að samstarfsaðilum

Samstarfsaðilar skulu ekki mismuna einstaklingum við ráðningu eða ráðningaraðferðir. Þetta vísar til mismunar á grundvelli kynþáttar, þjóðernis, litarháttar, aldurs, kyns, kynvitundar eða tjáningar, kynhneigðar, stjórnálaskoðana, ríkisfangs, þjóðernisuppruna, trúarbragða, fötlunar, stöðu sem foreldri, efnahags-/stéttastöðu, starfsaldurs eða annarrar verndaðar stöðu eða einkennis sem ekki tengist verðleikum einstaklingsins eða kröfum þeirrar stöðu sem verið er að ráða í.

Laun og vinnustundir

Staðallinn okkar

PwC skuldbindur sig til að fara eftir gildandi lögum og reglum um laun, vinnustundir og yfirvinnu.

Svona snýr þetta að samstarfsaðilum.

Samstarfsaðilar skulu ákveða vinnutíma, laun og yfirvinnugreiðslur í samræmi við gildandi lög og reglur í því landi eða löndum þar sem þeir starfa.

Samstarfsaðilar skulu að lágmarki greiða gildandi lágmarks-laun. Þó að skilningur sé á því að yfirvinnu kunní að vera krafist, ætlast PwC til þess að samstarfsaðilar innleiði aðgerðir sem takmarki yfirvinnu og stuðli þannig að mannúðlegum og hvetjandi vinnuskilyrðum.

Samskipti samstarfsaðila við starfsfólk

Staðallinn okkar

PwC hefur skuldbundið sig til að bjóða upp á öruggt vinnuumhverfi sem mismunar ekki.

Svona snýr þetta að samstarfsaðilum

Samstarfsaðilar skulu skapa vinnuumhverfi sem er laust við móðgandi, ofbeldisfulla, ógnandi, truflandi og aðra óviðeigandi hegðun og líða ekki áreitni og aðra vanvirðingu, þar með talið kynferðislega áreitni mismunun eða einelti.

Vinnuþrælkun barna

Staðallinn okkar

PwC er á mót og líður ekki vinnuþrælkun barna af neinu tagi.

Svona snýr þetta að samstarfsaðilum

Samstarfsaðilar skulu ekki nýta sér vinnuafli barna og skulu aðeins ráða starfsfólk sem hefur náð lágmarksaldri í viðkomandi landi eða löndum þar sem þeir starfa.

Mansal og nútíma þrælahald

Staðallinn okkar

PwC er á mót og líður ekki mansal eða nútímaþrælahald af neinu tagi.

Svona snýr þetta að samstarfsaðilum

Samstarfsaðilar skulu ekki taka þátt í eða styðja mansal eða nútímaþrælahald, þar með talið hverskonar þáttöku í vinnu vegna hótana eða annan hátt gegn vilja viðkomandi.

Heilsa og öryggi

Staðallinn okkar

PwC hefur skuldbundið sig að veita heilbriggt og öruggt vinnuumhverfi í samræmi við alþjóðleg yfirlýst mannréttindi.

Svona snýr þetta að samstarfsaðilum

Samstarfsaðilar skulu veita heilbriggt og öruggt vinnuumhverfi í samræmi við alþjóðleg yfirlýst mannréttindi.

Samstarfsaðilar skulu lágmarka og bregðast við heilsu- og öryggisatvikum og slysum sem verða á vinnustað og útvega fullnægjandi öryggisbúnað.

Félagafrelsi

Staðallinn okkar

Eigendur og starfsmenn PwC eiga rétt á að stofna og/eða vera meðlimir í samtökum að eigin vali.

Svona snýr þetta að samstarfsaðilum

PwC ætlast til þess að samstarfsaðilar samþykki að starfsmönnum þeirra sé heimilt að stofna og/eða ganga í lögleg samtök.



Byggjum upp traust í samfélaginu

Umhverfisvernd

Staðallinn okkar

PwC hefur skuldbundið sig til að lágmarka bein og óbein umhverfisáhrif af starfsemi sinni og aðfangakeðjunni til að bæta stöðugt frammistöðu sína í umhverfismálum. Þess vegna höfum við skuldbundið okkur á heimsvísu að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2030. Við munum ná því markmiði með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 50%, fara yfir í endurnýjanlega orku, styðja við verkefni til að fjarlægja kolefni og vinna með virðis_keðjuna okkar í að draga úr kolefnislosun.

Svona snýr þetta að samstarfsaðilum

PwC væntir þess að samstarfsaðilar leggi sitt af mörkum til að takmarka hlýnun loftslags, þar með talið viðleitni til að bera kennsl á og stjórna umhverfisáhættu í eigin starfsemi og aðfangakeðjunni. Þetta getur til dæmis falið í sér að setja markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem byggja á SBTi, umskipti yfir í endurnýjanlega orku, skilvirkari úrgangsstjórnun og hagkvæmari nýtingu náttúruauðlinda. Birgjar eru einnig hvattir til að leggja sitt af mörkum til að stemma stigu við hnignun vistkerfa og verndun fjölbreytileika lífríkisins.



Byggjum upp traust á því hvernig við notum upplýsingar

Trúnaður og gagnavernd

Staðallinn okkar

PwC virðir friðhelgi einkalífs og trúnað um upplýsingar sem tengjast eða tilheyra viðskiptavinum, eigendum og starfsfólki sínu og öðrum sem það á í viðskiptum við. PwC verndar persónulegar og aðrar trúnaðarupplýsingar í hvaða mynd sem er.

Svona snýr þetta að samstarfsaðilum

Samstarfsaðilar skulu meðhöndla og birta persónuupplýsingar og trúnaðarupplýsingar sem þeir afla í tengslum við PwC eingöngu samkvæmt heimildum og fyrirmælum PwC og eins og krafist er samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum.

Samstarfsaðilar skulu vernda persónuupplýsingar og trúnaðarupplýsingar gegn óleyfilegri og ólöglegri notkun, birtingu, aðgangi, tjóni, breytingum, skemmdum og eyðingu.

Hugverkaréttindi

Staðallinn okkar

PwC skuldbindur sig til að vernda hugverkarétt sinn og virða hugverkarétt annarra.

Hvernig snýr þetta að samstarfsaðilum

PwC ætlast til þess að samstarfsaðilar virði hugverkarétt PwC og annarra. Þetta þýðir til dæmis að samstarfsaðilar skulu ekki nota hugverk PwC á þann hátt sem ekki er heimilað af PwC né nota, án þes að afla leyfis, hugbúnað eða tækni annarra aðila til stuðnings eða í tengslum við vinnu fyrir eða með PwC.

Öryggi í upplýsingatækni

Staðallinn okkar

PwC hefur skuldbundið sig til að vernda upplýsingar sem þeim er trúað fyrir, sem og eignir og stafrænar eignir, með þróun og innleiðingu upplýsingaöryggis eftirlits.

Svona snýr þetta að samstarfsaðilum

Samstarfsaðilar skulu nota öryggisstýringar sem uppfylla kröfur PwC til að viðhalda og vernda upplýsingar, bæði áþreifanlegar og rafrænar, sem aflað er frá PwC, viðskiptavinum PwC eða öðrum samstarfsaðilum.

Samfélagsmiðlar

Staðallinn okkar

PwC hefur skuldbundið sig til að nota samfélagsmiðla á ábyrgan hátt og sýna kurteisi og virðingu í opinberum samskiptum á netinu.

Svona snýr þetta að samstarfsaðilum

PwC ætlast til þess að samstarfsaðilar forðist það að sýna virðingarleysi, ófagmennsku, áreiti, ærumeiðingar, mismunun og ólöglega virkni á samfélagsmiðlum. Samstarfsaðilar skulu ekki koma fram eða tala fyrir hönd PwC, koma fram sem PwC eða láta í ljós neinar skoðanir sem rekja má til PwC nema með sérstöku leyfi PwC til þess.



Viðurkenning á þessum siðareglum

Samstarfsaðilar sem starfa fyrir eða með PwC og viðskiptavinum þeirra og hafa fengið þessar reglur eru sammála um að:

- fylgja þeim kröfum og væntingum sem settar eru fram í þessum reglum;
- veita fullkomnar og nákvæmar upplýsingar til að auðvelda PwC við gerð áreiðanleikakönnunar á þriðja aðila; og
- fylgja gildandi lögum og reglugerðum í landinu eða þeim löndum þar sem þeir starfa.

Takk!

www.pwc.com/thirdpartycodeofconduct



© 2024 PwC. Allur réttur áskilinn. PwC vísar til PwC keðjunnar og/eða á eitt eða fleiri aðildarfyrtæki þess, sem hvert um sig er sérstakur lögaðili. Sjá nánar á www.pwc.com/structure fyrir frekari upplýsingar.